



Hervör Alma Árnadóttir,
deildarforseti Félagsráðgjafardeildar

Kveðja frá Félagsráðgjafardeild HÍ

ÖFLUGUR KENNARAHÓPUR OG VAXANDI NEMENDAFJÖLDI

Við deildina starfa nú 23 fastir kennarar í rúmlega 14 stöðugildum ásamt um 140 stundakennurum. Styrkur kennarahópsins felst í öflugri rannsóknarvirkni og sterkum tengslum við vettvang – um helmingur fastra kennara starfar á vettvangi samhliða kennslu. Aðsókn í námið hefur farið vaxandi og nú stunda rúmlega 600 nemendur nám við deildina á grunn-, meistara- og doktorsstigi. Deildin býður upp á 12 námsleiðir, flestar þverfaglegar og í fjarnámi.

FÉLAGSRÁÐGJÖF HÁSKÓLANEMA – BRÚ MILLI FRÆÐA OG FAGS

Félagsráðgjöf háskólanema, sem hófst 2022 sem tilraunaverkefni, er nú orðin fastur liður í kennslu. Þar veita nemendur á fjórða og fimmta ári öðrum háskólanemum félagslega ráðgjöf og

efla með því bæði færni sína og tengsl fræða og fags. Algengustu viðfangsefnin tengjast réttindum, samskiptum og samræmingu náms og fjölskyldulífs.

SAMSTARF INNANLANDS OG Á ALPJÓÐAVETTvangi

Reglulegt samstarf við Félagsráðgjafafélag Íslands og þær stofnanir þar sem félagsráðgjafar starfa gefur okkur tækifæri til að laga námið enn betur að þörfum vettvangs. Deildin er jafnframt aðili að norrænu samstarfi innan NASSW (Nordic Association of Schools in Social Work), sem er vettvangur til að læra af frændþjóðum okkar og miðla eigin reynslu. Starfsfólk deildarinnar hefur staðið fyrir reglulegum viðburðum um málefni á borð við farsæld barna, fátækt, heimilisleysi og málefni aldraðra, í samstarfi við aðrar deildir og stofnanir.

Þátttaka í alþjóðlegum ráðstefnum hefur verið góð. Má þar nefna NFBO-ráðstefnuna um ofbeldi og vanrækslu barna í Kaupmannahöfn, ECSWR í München og ISPCAN í Vilnius. Um miðjan júní verður FORSA/NASSW-ráðstefnan haldin í Árósum og er ætlinin að blása nýju lífi í ÍSFORSA, sem hefur legið niðri um tíma.

Við horfum bjartsýn til framtíðar. Viðfangsefni félagsráðgjafa eru fjölbreytt og krefjandi og við leggjum áherslu á að veita nemendum traustan fræðilegan grunn, kynna þeim hugmyndafræðilega strauma og undirbúa þá vel fyrir áskoranir framtíðarinnar.

Með hækkandi sól óska ég okkur öllum til hamingju með útgáfu Tímarits félagsráðgjafa 2026.

Viðtal við Hervöru
Ölmu er að finna í
hlaðvarpi FÍ

